Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins

# Ömmustólar og rólur

CASP 2021

Verkefni vegna samræmdrar starfsemi um öryggi vöru (CASP) gera markaðseftirlitsyfirvöldum aðildarríkja Evrópusambandsins (ESB)/Evrópska efnahagssvæðisins (EES) kleift að vinna saman til að efla öryggi vara sem settar eru á innri markaði ESB.

## Vöruúrtak



ÖMMUSTÓLAR



RÓLUR

Þessi starfsemi beindist að tveimur flokkum umönnunarvara, sýnishorn og prófuð samkvæmt almennum viðmiðunum á evrópskri viðurkenndri rannsóknarstofu.

## Prófanir og niðurstöður

### Alls voru 105 vörur prófaðar

**68** ömmustólar

**37** rólur

### Niðurstöður athugana á viðvörunum, merkingum og leiðbeiningum – 46% uppfylltu ekki kröfur







**9** tilkynningar í Öryggisgátt.

Stjórnarsvið dómsmála og neytendamála

## Helstu prófunarkröfur

Prófunarkröfur földu í sér efnafræðileg og verkleg próf (sbr. kröfur í staðli EN 12790:2009 um ömmustóla, og EN 16232:2013 + A1:2018 um rólur). Rafkröfuöryggi var ekki tekið með í aðgerðunum.

Auk prófana athuguðu markaðseftirlitsyfirvöldin einnig meðfylgjandi viðvaranir, merkingar og leiðbeiningar á viðkomandi móðurmálum. Gátlisti með aðalkröfum var undirbúinn af tæknisérfræðingi sem ítarupplýsingar fyrir markaðseftirlitsyfirvöld.

## Helstu ráðleggingar

**Gætið að eigin skyldum samkvæmt gildandi löggjöf.**

- Gerið allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir til að tryggja að vörur uppfylli kröfur almennrar tilskipunar um öryggi vara.
- Staðall EN 12790 um ömmustóla og EN 16232 um rólur veitir áreiðanlegar tæknilausnir sem framleiðendur geta fylgt eftir við hönnun og framleiðslu vöru til að sýna fram á samræmi við áskildar lagakröfur.
- Leiðbeiningarnar sem fylgja með vörunum eiga að vera réttar, skýrlega settar fram og þýddar á tungumál sölulandsins.

**Innkallanir.**

- Gefið neytendum skýrt til kynna hvernig þeir eigi að skrá vörur sem þeir kaupa til að þeir fái upplýsingar um hugsanlegar innkallanir.
- Upplýsingar um innkallanir eiga að vera skýrar og aðgengilegar. Gefið ávallt til kynna þær áhættur sem fylgja vörunni.
- Fylgist reglulega með hvernig innköllun tókst og aðlagið innköllunarferli í samræmi við það.

## Markaðseftirlitsyfirvöld sem tóku þátt




**Austurríki**
Félagsmálaráðuneytið, heilbrigðis-, umönnunar- og neytendavernd, eining III/A/2 - öryggi vara

**Belgía**
Ríkisskrifstofa efnahagsmála - Stjórnarsvið gæða og öryggis

**Búlgaría**
Neytendaverndarnefnd

**Danmörk**
Öryggisstofnun Danmerkur

**Frakkland**
Stjórnarsvið samkeppni, neytendamála og aðgerða gegn svikum

Stjórnarsvið tollamála og óbeinna skatta

**Írland**
Samkeppnis- og neytendaverndarráð

**Ísland**
Húsnæðis- og mannvirkjastofnun

**Króatía**
Ríkiseftirlitið

**Kýpur**
Neytendaverndarþjónustan

**Litháen**
Neytendavernd ríkisins

**Malta**
Samkeppnis- og neytendamálastofnun Möltu

**Portúgal**
Stjórnarsvið neytenda

**Tékkland**
Tékkneska viðskiptaeftirlitsstofnunin

Nánari upplýsingar á

**CASP2021**
Samræmd starfsemi um öryggi vöru